

# MÍT

## Vörðupróf II

### Klassískur gítar

Nemandi skal leika þrjú verk og eina æfingu.

Auk þess er val milli þess að a) leika tónverk af eigin vali af sambærilegri þyngd og önnur prófverkefni eða b) leika samleiksverk þar sem próftaki gegnir veigamiklu hlutverki.

Aðrir prófþættir eru tónstigar og brotnir hljómar og óundirbúinn nótnalestur.

Erfiðleikastig verkefna miðast við léttari verk á verkefnalista fyrir framhaldspróf sem gefin eru upp í Aðalnámskrá Tónlistarskólanna.

#### Prófþættir

1. Þrjú ólík verk (15 einingar hvert)
2. Æfing (10 einingar)
3. Tónstigar og hljómar (15 einingar)
4. Val (15 einingar)
5. Óundirbúinn nótnalestur (10 einingar).
6. Heildarsvipur (5 einingar).

#### Tónstigar og Hljómar

Nemandi geti leikið:

- Krómátískan tónstiga frá e,f,g og gís, þrjár áttundir upp og niður.
- Alla dúrtónstiga, hljómhæfa og laghæfa molltónstiga upp frá lágsta mögulega grunntóni, þrjár áttundir þar sem hægt er, annars tvær áttundir og niður aftur.
- Brotna þríhljóma í öllum dúr- og molltöntegundum upp frá lágsta mögulega grunntóni, þrjár áttundir þar sem hægt er, annars tvær áttundir og niður aftur.

Leikmáti og hraði:

- Getir leikið tónstiga með eftirfarandi fingrasetningu hægri handar: i,m m,a i,a
- Leiki tónstiga eigi hægar en Fjórðaparts nóta = M.M. 160 miðað við að leiknar séu áttundapartsnótur.
- Leiki brotna þríhljóma eigi hægar en Fjórðapartsnóta = M.M. 120 miðað við að leiknar séu áttundapartsnótur.
- Geti leikið tónstiga bæði apoyando og tirando.